

Bréf stjórnarráðsins til lögreglustjóranna o. fl. um flaggdaga.

3

Stjórnarráðið hefir kveðið svo á um, að draga skuli fána á stöng eftirnefnda daga á 17. jan. húsum stjórnarvalda þeirra, er nota klofinn lána samkvæmt konungsráðgjafi frá 30. nóvember 1918, 2. málsgrein:

Fæðingardag konungs, drotningar, ríkisarfa og ekkjudrotningar, nýjárstag, páskadag, hvítasunnudag og jóladag, og eunfremur 1. dag deembermánaðar.

Auglýsing

4

5. jan.

um starftíma Hæstarjettar o. fl.

Samkvæmt 12. gr. og 21. gr. í lögum um Hæstarjett 6. okt. 1919, hefir dómsmálaráðherrann, að fengnum tillögum Hæstarjettar, kveðið á um starftíma rjettarins og um það hvernig birta skuli auglýsingar um þingfestingardaga mála eins og hjer segir:

1. gr.

Hæstirjettur verður haldinn í herbergjum rjettarins á Skólavörðustíg 9, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga, kl. 1 síðdegis að svo miklu leyti sem mál eru fyrir hendi. Ef þörf er á má dómstjóri akveða að rjettur skuli haldinn aðra virka daga en hina nefndu reglulegu rjettardaga, en þá skal daginn áður auglýsa það eins og auglýsa ber þingfestingardaga máls samkvæmt 3. gr.

2. gr.

Þingleyfi skulu vera frá 21. desember til 6 janúar, að báðum dögum meðtöldum, dymbilvika og páskavika, frá 24. júní til 14. september, að báðum dögum meðtöldum, og allir helgidagar.

3. gr.

Auglýsingar um þingfestingu mála eftir 21. gr. 1. tölulið 2. málsgreinar Hæstarjettarlaganna skulu vera skriflegar og festar upp í forstofu rjettarins.

Þetta birtist hjer með.

Dóms- og kirkju máladeild stjórnarráðsins, 5. jan. 1920.

Jón Magnússon.

Sigfús J. Johnsen.